

Alþingi  
Erindi nr. P 128 / 146  
komudagur 21.11.2002

*Íslenskir fjárfestar ehf*

Löggilt verðbréfamiðlun

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
Alþingishúsið v/Austurvöll  
150 Reykjavík.

Reykjavík, 19. nóvember 2002.

**Efni: Frumvarp til laga um fjármálafyrirtæki.**

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002-2003)

Hér með óskast gerð athugasemd við 26. gr. ofangreinds frumvarps.


Athugasemdin beinist að orðalagi 2. mgr. varðandi takmarkanir á heildarverðmætum þeirra fjármálagerna sem verðbréfamiðlun skv. 4. mgr. 14. gr. er heimilt að varðveita fyrir eigin reikning.

Óskast hér vitnað í athugasemdir varðandi 6. tl. 3 gr. frumvarpsins:  
*"viðskipti með eigin reikning, er mikilvægur hluti starfsemi hvers lánastofnunar og verðbréfafyrirtækis, en getur ekki talist starfsleyfisskyldur, enda hverjum einstaklingi og lögaðila frjálst að stunda verðbréfavíðskipti fyrir eigin reikning."*

Ekki verður séð hvernig hægt er með lögum að takmarka heimildir verðbréfamiðlana til að stunda viðskipti **sem hverjum einstaklingi og lögaðila er frjálst að stunda**, eins og segir í ofangreindri athugasemd.

Hér með er farið fram á að ofangreind atriði verði tekin til greina og umræddri grein breytt til samræmis. Þannig er það skilningur okkar að 2. mgr. 26. gr. sé með öllu ofaukið og óskast hún því fjarlægð úr frumvarpinu.

Með vinsemd og virðingu,



Karl Jóhann Ottósson  
framkvæmdastjóri